

Launatrygging Félags Iykilmanna (FLM)

Vátryggingarsamningurinn

Um vátryggingu þessa gildir það sem fram kemur í:

- Vátryggingarskírteini
- Vátryggingarskilmálum, þ.e.:
 - hugsanlegum sérskilmálum, sem koma fram í vátryggingarskírteini
 - skilmálum þessum
- Lögum nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Vátryggingarskírteinið hefur að geyma nánari ákvæði vátryggingarsamningsins sem ekki koma fram í skilmálum þessum. Sérskilmálar í vátryggingarskírteini útvíkka, takmarka eða afmarka nánar gildissvið vátryggingarinnar umfram það sem kemur fram í skilmálum þessum. Að öðru leyti en fram kann að koma í sérskilmálum gilda ákvæði skilmála þessara um vátrygginguna.

Í tilvikum þar sem ákvæðum um sama efni ber ekki saman gilda ákvæði í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun framfar ákvæðum vátryggingarskilmála og sérskilmálar ganga framfar almennum skilmálum, þó þannig að sértækar reglur ganga ávallt framfar almennum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framfar frávikjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit

1. gr.	Grundvöllur samnings	3
2. gr.	Vátryggingasvið	3
3. gr.	Gildistími - endurnýjun	3
4. gr.	Hverjir eru vátryggðir?	3
5. gr.	Aldurstakmörk	3
6. gr.	Hvar gildir vátryggingin?	3
7. gr.	Bætur við missi starfsorku vegna slyss	3
8. gr.	Bætur við missi starfsorku vegna sjúkdóms	3
9. gr.	Fjárhæð dagpeninga	4
10. gr.	Undanþágur á bótaskyldu vegna áhættuþróttá	4
11. gr.	Aðrar almennar undanþágur á bótaskyldu	4
12. gr.	Iðgjaldið – gjalddagi – vanskil – uppgjör við slit samnings á vátryggingartímabilinu	5
13. gr.	Réttur vátryggjanda til uppsagnar á vátryggingartímanum	5
14. gr.	Brot á upplýsingaskyldu – svik og rangar upplýsingar	6
15. gr.	Vátryggður veldur vátryggingaratburði	6
16. gr.	Brot á varúðarreglum	6
17. gr.	Ráðstafanir vegna slyss eða sjúkdóma	6
18. gr.	Gagnaöflun og greiðsla kostnaðar	7
19. gr.	Breyting á vísitölugrundvelli	7
20. gr.	Greiðslur bóta	7
21. gr.	Frestur til að tilkynna tjón	7
22. gr.	Fyrning	7
23. gr.	Ágreiningur	7
24. gr.	Varnarþing	7

A. Vátryggingarvið

1. gr. Grundvöllur samnings

Þessi vátrygging er hóptrýgging sem tekur til skráðra félagsmanna í Félag lykilmanna (FLM) á grundvelli hóptrýggingarsamnings við vátryggjanda. Vátryggingartaki er Félag lykilmanna (FLM) en vátryggðir eru félagsmenn á hverjum tíma sbr. og nánari ákvæði í þessum skilmálum.

2. gr. Vátryggingarvið

Vátryggjandi greiðir bætur vegna tímabundins missis starfsorku sökum sjúkdóms eða slyss er vátryggður verður fyrir eins og segir í vátryggingarskilmálum þessum. Til viðbótar við eigin sjúkdóma eða slyss vátryggðs greiðir vátryggingin bætur vegna ólaunaðrar fjarveru vátryggðs einstaklings af völdum alvarlegra sjúkdóma eða slysa barns hans, undir 16 ára aldri. Vátryggjandi greiðir dagpeninga af völdum bótaskylds sjúkdóms eða slyss barns vátryggðs frá og með 31. degi frá slyssdegi eða upphafi sjúkratímabils barns og þar til barn hefur náð bata, eða 210 dagar eru liðnir frá slyssdegi eða upphafi sjúkratímabils barns, hvort sem fyrr verður. Ef ekki er um að ræða samfellda ólaunaða fjarveru vátryggðs einstaklings af völdum alvarlegra sjúkdóma eða slysa barns, sem á rót sína að rekja til sama atburðar greiðir vátryggingin, að hámarki bætur í 180 daga á næsta 330 daga tímabili frá og með 31. degi frá slyssdegi eða upphafi sjúkratímabils barns. Bætur greiðast þó ekki vegna slysa eða sjúkdóma barna ef hinn vátryggði á rétt á fæðingarorlofsgreiðslum vegna barnsins.

3. gr. Gildistími – endurnýjun

Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini. Vátrygging sem gildir í eitt ár eða lengur, er endurnýjuð fyrir eitt ár í senn, nema vátryggingartaki hafi tilkynnt félaginu um að hann vilji segja vátryggingarsamningnum upp. Vátryggingartaki getur sagt vátryggingunni upp skriflega með mánaðar fyrirvara hvenær sem er á vátryggingartímabilinu og miðast uppsögn við næstu mánaðarmót þar á eftir. Eigi uppsögn að miðast við endurnýjun vátryggingarinnar skal tilkynning um uppsögn berast félaginu í síðasta lagi tveimur vikum fyrir lok vátryggingartímabilsins. Hafi vátryggingartaki ekki lengur þörf fyrir vátrygginguna eða fyrir hendi eru aðrar sérstakar ástæður sem réttlæta uppsögn, getur hann þó sagt vátryggingunni upp með skriflegri tilkynningu til félagsins án sérstaks fyrirvara, sbr. 2. mgr. 14. gr. eða 3. mgr. 75. gr. laga nr. 30/2004. Þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar, þar sem umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemi fer að mestu leyti fram erlendis, getur vátryggingartaki aðeins sagt vátryggingunni upp við endurnýjun hennar og skal uppsögn í síðasta lagi hafa borist félaginu einum mánuði fyrir lok vátryggingartímabilsins.

Vátryggjandi tilkynnir vátryggingartaka í síðasta lagi þremur mánuðum áður en vátryggingartímabilið er á enda, ef það hyggst ekki framlengja vátrygginguna.

4. gr. Hverjir eru vátryggðir

Einstaklingur verður vátryggður samkvæmt þessari vátryggingu daginn kl. 00:00 eftir að hann ritar undir skriflega inngöngubeiðni/upplýst samþykki um inngöngu í FLM og fer á félagaskrá þess. Vátryggingin fellur niður 14 dögum eftir að vátryggingartaka berst úrsögn vátryggðs úr FLM. Vátrygging þessi veitir ekki rétt til framhaldstryggingar af neinu tagi.

5. gr. Aldurstakmörk

Vátryggingin fellur úr gildi í lok þess vátryggingarárs er vátryggður nær 65 ára aldri. Vátryggingin tekur ekki til einstaklinga yngri en 18 ára miðað við afmælisdag. Hámarksaldur við inngöngu í trygginguna er 64 ára aldur.

6. gr. Hvar gildir vátryggingin?

Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum. Bótaréttur fellur þó niður ef vátryggður býr og stundar atvinnu erlendis lengur en 6 mánuði í senn.

7. gr. Bætur við missi starfsorku vegna slyss

Vátryggjandi greiðir dagpeninga við starfsorkumissi af völdum bótaskylds slyss frá og með 91. degi frá slyssdegi og þar til vátryggður hefur endurheimt starfsorku sína eða, 365 dagar eru liðnir frá slyssdegi, hvort sem fyrr verður.

Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu, lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar. Vátryggjandi ákveður, hve mikill

starfsorkumissirinn hefur verið og varanleika hans á grundvelli nauðsynlegra læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja. Bætur eru ekki greiddar samtímis fyrir starfsorkumissi af völdum slyss og sjúkdóms.

8. gr. Bætur við missi starfsorku vegna sjúkdóms

Vátryggjandi greiðir dagpeninga við starfsorkumissi af völdum bótaskylds sjúkdóms frá og með 91. degi frá upphafi sjúkratímabils og þar til vátryggður hefur endurheimt starfsorku sína, eða 365 dagar eru liðnir frá upphafi sjúkratímabils, hvort sem fyrr verður.

Sjúkratímabil er það tímabil þegar stöðugur missir starfsorku er fyrir hendi af völdum sjúkdóms, hvort sem einn sjúkdómur eða fleiri liggja til grundvallar missi starfsorkunnar. Bætur fyrir tímabil þegar um einangrun í sóttkví er að ræða á heimili eða á sjúkrahúsi að fyrirætlum heilbrigðisyfirvalda greiðast á sama hátt og við sjúkdóma

Vátryggingin bætir ekki starfsorkumissi sem kona verður fyrir á meðgöngutíma, við fæðingu eða fósturlát, nema því aðeins að missir starfsorkunnar sé af völdum fylgikvilla.

Skilyrði dagpeninga vegna sjúkdóms:

Skilyrði fyrir greiðslu dagpeninga vegna sjúkdóms er að vátryggður hafi verið vinnufær óslitið í 3 mánuði áður en vátrygging hófst. Þetta skilyrði gildir í 24 mánuði frá upphafi vátryggingar. Vátryggingavernd hvers félagsmanns takmarkast við greiðslu dagpeninga í 24 mánuði á hverju 10 ára tímabili, þ.m.t. vegna barns.

9. gr. Fjárhæð dagpeninga

Dagpeningar eru 80% af meðal mánaðarlaunum vátryggðs síðustu 12 mánuði fyrir tjónsatburð. Tekið skal tillit til þess við ákvörðun meðallauna ef starfshlutfall vátryggðs hefur breyst á þessum 12 mánuðum. Meðallaun teljast heildarlaun sem mynda stofn til greiðslu iðgjalds í lífeyrissjóð en þó aldrei hærra en reikna má af greiddum iðgjöldum. Hámarksfjárhæð greiddra bóta vegna tímabundins missis starfsorku er kr. 2.000.000 á mánuði og miðast sú fjárhæð við gildandi launavísitölu þegar hún var 431,7 stig fyrir mars 2012. Hámarksbætur vegna tímabundins missis starfsorku eru uppfærðar við hverja árlega endurnýjun vátryggingarinnar í hlutfalli við breytingu á launavísitölu. Við bótauppgjör ber hinum vátryggða að framvísa launaseðlum undanfarinna 12 mánaða fyrir slysdag/upphaf sjúkratímabils til vátryggjanda auk yfirlits staðgreiðsluskrár Ríkisskattstjóra. Verði vátryggður óvinnufær að hluta greiðast dagpeningar sem 80% af þeim launum sem falla niður, þó aldrei lengur en í 180 daga.

10gr. Undanþágur á bótaskyldu vegna áhættuþróttá

10.1. Vátryggingin nær til slysa er verða við almennar íþróttaiðkanir.

10.2. Undanskilin eru slys sem verða í hvers konar hnefaleikum, glímu og/eða öðrum bardagaíþróttum sem eru sambærilegar og eðlisskyldar.

10.3. Undanskilin eru slys sem verða í hvers konar akstursíþróttum, fjallaklifri, klettaklifri, bjargsigi, froskköfun, drekaflogi, sviflogi, fallhlífarstökki, þyluskíðaiðkun og/eða íþróttum sem eru sambærilegar og eðlisskyldar (hefðbundin skíðamennska á merktum leiðum er þó ekki undanþegin).

11. gr. Aðrar almennar undanþágur á bótaskyldu

Vátryggjandi bætir ekki:

11.1 Slysa eða sjúkdóma sem beint eða óbeint eru af völdum kjarnabreytinga, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis eða af völdum styrjaldar, innrásar, hernaðaraðgerða, óeirða, uppreisnar, uppots eða svipaðra atvika. Sama gildir um slys sem beint eða óbeint eru af völdum jarðskjálfta, eldgosa, flóða, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara.

11.2 Slys er vátryggður verður fyrir í handalögum við þátttöku eða refsiverðum verknaði, nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins.

11.3 Sjúkdóma vátryggðs er rekja má til neyslu áfengis, deyfí- eða eiturlyfja nema að sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og sjúkdómsins.

11.4 Slys eða sjúkdóma sem verða vegna ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar nema það sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms.

11.6 Slys vegna eittra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja vátryggðs.

11.7 Slys eða sjúkdóma af völdum hryðjuverka vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira.

11.8 Slys sem orðið hafa vegna notkunar skráningarskyldra vélknúinna ökutækja og eru bótaskyld skv. lögboðinni ökutækjetryggingu, hvort heldur ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda samkvæmt umferðarlögum.

Vátryggingin nær ekki til:

11.9. Sjúkdóms eða slysa sem hinn vátryggði vissi eða mátti vita að hann var haldin, eða hafði hent, áður en hann gekk inn í Félagi lykilmanna.

11.10. Sjúkdóms eða slysa sem fyrst sýndi einkenni, eða henti, á tímabili þegar vátryggingin var úr gildi. Sama gildir um versnandi heilsufarsástæður sem rekja má til þess tímabils er vátryggingin var úr gildi.

B. Almenn ákvæði

12. gr. Iðgjaldið - gjalddagi - vanskil - uppgjör við slit samnings á Vátryggingartímabilinu

Iðgjald vátryggingartaka

Iðgjald ræðst af gildandi iðgjaldaskrá vátryggjanda fyrir vátryggingu þessa á hverjum tíma. Vátryggingartaki sér um greiðslu á iðgjaldi félagsmanna í Félagi lykilmanna með mánaðarlegum skilagreinum til vátryggjanda. Mánaðarlegar skilagreinar berast vátryggjanda eigi síðar en 10. hvers mánaðar, ásamt iðgjaldsgreiðslu. Krafa um greiðslu iðgjalds verður send á það heimilisfang sem hann hefur tilkynnt vátryggjanda. Sending tilkynningar jafngildir kröfu um greiðslu. Breyting á heimilisfangi skal tilkynna vátryggjanda þegar í stað.

Iðgjald vátryggðs

Vátryggður skal greiða tiltekið iðgjald af launum sínum til vátryggingartaka. Greiði hinn vátryggði ekki iðgjöld sín í 60 daga samfleytt skal vátryggingartaki senda hinum vátryggða skriflega áskorun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga. Sé iðgjaldið ekki greitt innan 14 daga frá dagsetningu þeirrar tilkynningar fellur ábyrgð vátryggjanda niður sbr. 96. og 131. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Hafi vinnuveitandi vátryggðs félagsmanns sannanlega haldið iðgjaldi eftir af launum hans án þess að standa skil á þeim til vátryggingartaka heldur félagsmaður réttindum sínum á meðan innheimtuaðgerðir standa yfir. Vátryggingartaka er heimilt að tilkynna félagsmönnum skriflega eða með öðrum fullnægjandi hætti um niðurfellingu ábyrgðar vátryggjanda vegna vanskila vinnuveitanda að liðnum 60 dögum frá því að innheimtuaðgerðir hófust.

Félagsmönnum í Félagi lykilmanna skal tilkynnt skriflega eða með öðrum fullnægjandi hætti um niðurfellingu ábyrgðar vátryggjanda vegna vanskila. Vátryggingaverndin gildir gagnvart einstökum félagsmönnum í einn mánuð frá því að slík tilkynning var send.

Uppgjör ef samningi er slitið á vátryggingartímabilinu

Ef vátryggingarsamningi, sem gilda skal í eitt ár eða lengri tíma, er slitið á vátryggingartímabilinu, á vátryggjandi rétt á hlutfallslegu iðgjaldi miðað við þann tíma sem vátryggingin var í gildi. en endurgreiðir iðgjöld fyrir annað tímabil sem þá þegar er greitt.

13. gr. Réttur vátryggjanda til uppsagnar á vátryggingartímanum

Vátryggjandi getur sagt upp vátryggingunni gagnvart vátryggingartaka, eða vátryggðum, ef einhver eftirtalinna atvika eiga við:

1. ef gefnar hafa verið rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um áhættuna, með 14 daga fyrirvara, sbr. 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004;

2. ef váttryggingartaki hefur viðhaft svíksamlega háttsemi við upplýsingagjöf til félagsins um áhættuna, án fyrirvara, sbr. 21. og 15. gr. eða 84. og 76. gr. laga nr. 30/2004. Auk þess getur félagið í slíkum tilvikum sagt upp öllum váttryggingasamningum sínum við váttryggðan;

3. eftir að tjón hefur orðið, ef

a. váttryggður hefur valdið tjóninu af ásetningi;

b. váttryggður hefur brotið gegn varúðarreglum;

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004;

4. ef aðstæður breytast með þeim hætti að endurtryggingavernd er ekki fánægleg eða hækkar verulega vegna óviðráðanlegra ástæðna. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

5. við ítrekaðar vanefndir á greiðslu iðgjalds. Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

6. ef alvarlegur trúnaðarbrestur verður milli félagsins og váttryggingartaka.

Uppsagnarfrestur í slíkum tilvikum er tveir mánuðir, sbr. 1. og 2. mgr. 15. gr. eða 2. og 3. mgr. 76. gr. laga nr. 30/2004.

Ef váttryggjandi nýtir sér rétt sinn gagnvart þessari grein til þess að slíta váttryggingunni gagnvart stökum váttryggðum einstakling skal váttryggingartaki beina til hans skriflegri tilkynningu þar að lútandi skv. fyrirmælum váttryggjanda. Váttryggjandi áskilur sér rétt til þess að senda slíka tilkynningu sjálft enda sé váttryggingartaka tilkynnt um það.

14. gr. Brot á upplýsingaskyldu - svik og rangar upplýsingar

Upplýsingar um áhættuna

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður svíksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat váttryggjanda á áhættu og váttryggingaratburður orðið ber váttryggjandi ekki ábyrgð, sbr. 1. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður með öðrum hætti vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt fellur ábyrgð váttryggjanda niður í heild eða að hluta, sbr. 2. mgr. 83. gr. laga nr. 30/2004.

Upplýsingar við uppgjör bóta

Sá sem við tjónsuppgjör veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar við uppgjör bóta glatar öllum rétti á hendur váttryggjanda samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 30/2004. Í slíkum tilvikum getur váttryggjandi sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við viðkomandi með einnar viku fyrirvara.

15. gr. Váttryggður veldur váttryggingaratburði

Ásetningur

Hafi váttryggður af ásetningi valdið því að váttryggingaratburður varð ber váttryggjandi ekki ábyrgð, sbr. 89. gr. laga nr. 30/2004.

Stórkostlegt gáleysi

Hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð váttryggjanda, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

16. gr. Brot á varúðarreglum

Varúðarreglur eru háttennisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það er forsenda fyrir því að veita váttrygginguna að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt.

Hafi váttryggður af stórkostlegu gáleysi valdið því að váttryggingarburður varð með því að hlíta ekki varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í váttryggingarsamningi má lækka eða fella niður ábyrgð váttryggjanda, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004.

17. gr. Ráðstafanir vegna slyss eða sjúkdóma

Varúðarregla: Váttryggður skal leita læknis strax eftir að slys eða sjúkdóm hefur borið að höndum, gangast undir nauðsynlegar lækniáðgerðir og fara í öllu að fyrirmælum læknis.

Tilkynna skal slys og sjúkdóma þegar í stað á þar til gerðum eyðublöðum váttryggjanda, ef unnt er, en annars á annan hátt til bráðabirgða.

Þegar sjúkdóm eða slys ber að höndum er váttryggjanda heimilt að láta ráðgefandi lækni sinn skoða váttryggðan.

Þegar læknishjálp lýkur eða þegar unnt er að dæma um afleiðingar slyssins skal senda váttryggjanda læknisvottorð og bótakröfu.

18. gr. Gagnaöflun og greiðsla kostnaðar:

Váttryggjandi greiðir venjubundinn kostnað við öflun læknisvottorða, sem eru að mati váttryggjanda nauðsynleg til afgreiðslu kröfu um bætur úr váttryggingunni. Í þessu felst, að váttryggjandi greiðir án sérstaks samþykkis fyrir hefðbundin læknisvottorð, svo sem áverkavottorð, einfalt vottorð um óvinnufærni og lokavottorð. Auk þessa greiðir váttryggjandi kostnað vegna annarra vottorða, sem váttryggjandi telur nauðsynleg og aflað er að beiðni þess eða með samþykki þess. Váttryggjandi greiðir ekki kostnað vegna lögmannaástoðar né heldur annan kostnað sem stofnað er til vegna váttryggingarburðar án samþykkis váttryggjanda.

19. gr. Breyting á vísitölugrundvelli

Verði breyting á grundvelli launavísitölu skal fara að fyrirmælum Hagstofu Íslands um tengingu vísitölu skv. nýjum grundvelli við vísitölu skv. eldri grundvelli.

20. gr. Greiðslur bóta

Bætur greiðast innan 14 daga eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu váttryggjanda og unnt er að ákveða fjárhæð bótanna. Um vexti af bótafjárhæðum fer samkvæmt 123. gr. laga nr. 30/2004.

21. gr. Frestur til að tilkynna um tjón

Váttryggður glatar rétti til bóta ef:

1. hann tilkynnir váttryggjanda ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á;

2. hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 124. gr. laga nr. 30/2004.

22. gr. Fyrning

Kröfur um bætur úr váttryggingu þessari fymast samkvæmt reglum 125. gr. laga nr. 30/2004. Krafan fymist á 4 árum frá lokum þess almanaksárs þegar sá sem kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Krafan fymist þó í síðasta lag á 10 árum eftir lok þess almanaksárs sem váttryggingarburður varð.

23. gr. Ágreiningur

Verði ágreiningur um váttrygginguna skal íslenskur dómstóll skera úr honum samkvæmt íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningi sem Ísland er bundið af.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sker úr ágreiningi um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum er vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu og má nálgast upplýsingar og málskotseyðublað vegna nefndarinnar á vefsíðunum www.fme.is og www.sjova.is, auk fyllri upplýsinga um starfssvið og starfsháttu hennar.

Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skerðir ekki rétt málskotsaðila til þess að leggja málið fyrir almenna dómstóla.

24. gr. Varnarþing

Varnarþing váttryggjanda er í Reykjavík. Mál sem kunna að rísa á hendur váttryggjanda út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Skilmálar þessir gilda frá 1. júní 2015 og koma í stað skilmála þeirra er giltu frá 1. janúar 2014.

[Efst á skjal](#)